

Ársskýrsla hestamannafélagsins Þyts 2024



Um 94 flottir krakkar tóku þátt í Æskulýðsstarfi Þyts þetta árið. Það gerir um ca 34% af félagatali Þyts sem er flottur árangur hjá ekki stærra félagi. Buðum við upp á reiðnámskeið, reiðþjálfun, knapamerki, keppnisþjálfun hestafimleika, sirkussýningu og félagshús.

Jófimi

Skýrsla hestafimleikadeildar Hestamannafélagsins Þyts

Starfstími deildarinnar

Starfstími hestafimleikadeildarinnar er frá miðjum ágúst og fram í maí. Á haustin hefjast æfingar í íþróttahúsinu á Hvammstanga og eru þær þar tvisvar í viku fram á vorið. Börn á aldrinum 4 til 15 ára æfa saman og eru þau skipt í hópa eftir getu, þó þau æfi að hluta til einnig öll saman. Í ár var í fyrsta sinn búið til sér sýningahóp sem fékk aukaæfingátíma bæði í íþróttahúsi, í reiðhöll (tréhest) og á hesti strax að hausti.

Æfingar og Þjálfun

Æfingar í íþróttahúsinu eru mjög mikilvægar til að þjálfna grunnæfingar og getu. Þær eru fjölbreyttar og miðast við að byggja upp traust meðal iðkenda. Hestafimleikar byggjast á þríhyrningi sem saman stendur af hestinum, þjálfaranum og iðkendum, og allir verða að geta treyst öðrum í þessum hóp.

Æfingar í Reiðhöll

Í nóvember færast æfingarnar upp í reiðhöll þar sem æft er á hesti. Síðastliðinn vetur voru þrír hestar í verkefninu.

Starfsemi tímabilsins

Árleg gisting í íþróttahúsinu á Hvammstanga var mjög vinsæl, með miklu fjöri og gleði. Þar var borðuð pítsa, æft og leikið í íþróttasalnum, og kvöldstundin notuð saman.

Í desember tók fimleikahópurinn á móti tveimur þjálfurum frá Hestamannafélagi Geysi sem komu til að læra og sjá starfsemina okkar. Gestirnir voru mjög ánægðir með innsýnina í daglegt starf og fengu að leiðbeina börnunum undir stjórn kennarans. Heimsóknin leiddi til þess að sýningahópurinn fór eina helgi til þeirra til að kynna hestafimleika og sýna krökkunum og stjórninni hvernig staðið er að starfinu. Krakarnir fengu að prófa og þjálfna hestana þar, gerðu æfingar í íþróttahúsi og gistu á staðnum. Daginn eftir var mikil gleði þegar þeir sýndu atriðin fyrir áhorfendum og boðuðu börnunum að taka þátt sjálf. Pylsupartý með gestgjöfum í hádeginu og sameiginleg æfing með nýjum vinum gerðu þessa ferð ógleymanlega.

Hóparnir fóru í markvissar æfingar á hesti eftir áramót, með það markmið að þróa sýningar, þar sem hver hópur einbeitti sér að eigin atriði. Þó var sameiginlegt dansatriði búið til þar sem alla 40 krakkar tóku þátt í. Þetta skapaði mikla gleði. Við höfðum áætlað að taka þátt í æskulýðssýningu á Sauðárkróki með þessum atriðum, en veðrið spilaði ekki með okkur. Áfangastaðnum var breytt, farið var í sund á Blönduósi og sýning var haldin fyrir áhugafólk og foreldra á Sindrastöðum í Húnavatnssýslu. Að sjálfsögðu var boðið upp á pizzu og allir skemmtu sér konunglega í rútunni á leiðinni heim.

Sirkussýning

Hápunkturinn var stórfengleg sirkússýning. Á aðalfundinum í vor kom upp hugmyndin um að nýta gömlu búningana sem hafa verið sérsaumaðir fyrir mörg atriði í gegnum árin. Margir komu að og aðstoðuðu og fjölbreytt atriði með og án hesta voru skipulögð með félagsmönnum úr öllum áttum til að halda upp á sumardaginn fyrsta. Að lokum voru búin til 16 atriði með tónlist og búningum sem sirkusstjórinn kynnti fyrir stórum áhorfendahópi. Yngsti þátttakandinn var tveggja ára og tók þátt í leikskólaatriði þar sem börn og foreldrar sýndu gleði og fjör saman. Samvinnan var sérstaklega sýnd þegar tæplega áttæður reiðmaður reið í tölti á meðan þrjár unglingsstelpur dönsuðu í kring. Í hléinu var boðið upp á hlaðborð sem félagsmennirnir bjuggu til og var mjög vel heppnað. Áhorfendur nutu þess verulega að fagna saman sumardeginum fyrsta og sjá fjölbreytt störf þyts. Að lokum kom traktor með vagn í reiðhöllina og ferjaði sumarkóng og sumardrottning inn á Hvammstanga og á eftir fylgdi skruðganga með öllum þátttakendum og áhorfendum. Þetta var gert í samstarfi við eldri borgara á Hvammstanga og allir voru mjög ánægðir með að byrja sumarið saman. Að lokum var farið í sumarkaffi í félagsheimilinu á Hvammstanga þar sem allir krakkarnir fengu viðurkenningar og boli merkta hestamannafélaginu.

Sumaræfingar og sýningar

Sýningahópurinn hélt áfram að æfa allt sumarið og sýndi sína getu á bæjarhátíðinni Húnavaka á Blönduósi og á heimaslóðum á Eldur í Húnaþingi. Toppurinn var þó að fá að fara á Unglingalandsmótið í Borgarnes þar sem handin var kynning og sýning á hestafimleikunum. Krakkarnir gistu í tjaldi og skemmtu sér með leikum og í sundi til að hita upp fyrir sýninguna eftir glæsilega reiðkeppni. Áhorfendur sáu einu sinni enn að íslenski hesturinn getur svo margt! Sýningin leiddi til þess að hestamannafélag í Stykkishólmi hefur áhuga á samstarfi og verður farið til þeirra í haust. Einnig hefur hestamannafélagið Borgfirðingur boðið hestafimleikakrökkunum að koma og sýna og kynna starfsemina, einnig má geta þess að hestamannafélagið Geysir er byrjað með hestafimleika og voru þeir vel sóttir síðastliðinn vetur.

Dósasöfnun

Fastur hlutur starfseminnar var dósasöfnun, sem fór fram tvisvar á þessu tímabili. Þessir peningar voru notaðir fyrir ferðir og sirkussýningu og sérstaklega gaman að sjá hversu mikið krakkarnir og foreldrar lögðu sig fram. Þetta verkefni skapar mikla samvinnu og gleði.

Niðurstaða

Eins og sést á þessari upptalningu er starfsemi Jófimdeildarinnar geysilega fjölbreytt og stefnum við á að halda því áfram á komandi starfsári. Mikilvægasti hlutinn af starfseminni er að vinna saman að hinum ýmsu verkefnum og efla þannig traustið sem ríkir innan hópsins. Margir velta fyrir sér hvernig sé hægt að lýsa þessari starfsemi sem er eðlilega ekki augljós, þar sem þetta er líklega ennþá eina starfandi hestafimleikadeildin á Íslandi. Í stuttu máli er hægt að segja að þetta sé ekki bara fimleikar á hesti, heldur mætti frekar líkja þessu við blandaða fjölskyldu. Aldurshópurinn er mjög breiður, getan er mismunandi, hesturinn skilur ekki talað mál, en enginn í hópnum getur verið án hinna. Allir geta tekið þátt í því sem við erum að gera, því hver fær hlutverk við sitt hæfi.

Félagshesthús

Sumarið 2023 var ákveðið að fara af stað með félagshesthús að hausti. Auk þess að leigja hesthús, þá var reynt að skipuleggja fyrir fram það sem hægt var að skipuleggja, svo sem að ráða kennara og umsjónarmann, semja um kaup á heyi, gera kostnaðaráætlun og sækja um styrk til Íþróttasjóðs. Þegar líða fór að hausti þá var auglýst eftir krökkum/unglingum sem höfðu áhuga á að taka þátt í þessu tilraunarverkefni með okkur. Við renndum svolítið blint í sjóinn með það hvað margir myndu sækja um en að lokum voru það sjö börn/unglingar sem sóttu um hjá okkur. Fæst þessara barna/unglinga voru vön því að ríða út eða að umgangast hross mikið en höfðu áhuga á hestum af ýmsum ástæðum. Nokkur þessara þátttakenda hafa verið í hestafimleikum hjá okkur og langaði til þess að prófa almenna hestamennsku. Vegna þessa þá þurfti mikið skipulag í kringum allt starfið, ekki var nóg að útvega hesta og útbúnað, heldur þurfti líka fólk til þess að sinna börnunum/frá A til Ö. Þess vegna var byrjað á því að halda kynningarfund með foreldrum og þátttakendum þar sem starfið var kynnt og farið yfir ýmis mál ásamt því að kennarar og starfsfólk mætti og kynnti sig fyrir þátttakendum.

Það er skemmst frá því að segja að verkefnið tókst frábærlega, félagið var með fimm hesta á sínum snærum sem voru notaðir jöfnum höndum í hestafimleikana og fyrir okkar börn/unglinga í félagsheshúsinu, hver og einn hafði aðgang að hesti tvisvar/þrisvar í viku aðgang að starfsmanni í heshúsinu sem tók á móti þeim og reiðkennara sem sá um kennslu fyrstu vikunnar og svo eftir þörfum eftir því sem krakkarnir/unglingarnir náðu meiri færni. Verkefnið sló í gegn og er okkar markmið að halda áfram með svipað verkefni næstu ár og við reiknum með að mikil ásókn verði að fá að taka þátt í verkefninu næsta vetur.

Námskeið á Skáney

Síðastliðinn vetur fóru krakkar úr þyt í ferðalag að Skáney í Borgarfirði. Um helgarferð var að ræða með gistingu, samveru og reiðnámskeiði hjá Randi og Hauki. Þetta var annað árið sem farin var svona ferð og mæltist hún vel fyrir, en auk þess að taka þátt í leikjum, námskeiðahaldi og samveru þá taka krakkarnir þátt í umhirðu hrossana á Skáney. Hópurinn frá var blanda af krökkum úr hestafimleikunum, almennum reiðnámskeiðum og krökkum sem voru í félagsheshúsinu.